

Rafeindatækjatrýgging

Skilmáli nr. E-16

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

1. gr. Hvaða munir eru váttryggðir?

Váttryggingin tekur til rafeindatækja sem tilgreind eru á váttryggingarskírteini, á þeim stað sem nefndur er í váttryggingarskírteininu. Nýr útbúnaður er váttryggður þegar uppsetningu hans er endanlega lokið og hann hefur verið fullreyndur í gangi. Váttryggingin tekur eingöngu til tjóna á vélbúnaði.

2. gr. Hvaða tjón bætir váttryggingin?

Váttryggingin bætir skyndileg og óvænt sýnileg tjón á hinu váttryggða af eftirtöldum tjónsorsökum:

- 2.1 Sót, sviðnun eða bráðnun. Þrátt fyrir það er segir í lið 2.1 í lausafjártryggingarskilmála félagsins nr. E-3, greiðist sem um eldsvoða væri að ræða, ef váttryggðir munir ofhitna, sviðna eða bráðna án þess að eldur verði laus. Þá eru bættar sótskemmdir sem verða á hinu váttryggða.
- 2.2 Skammhlaup. Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða af völdum skammhlaups eða bilana í veitukerfi rafveitu.
- 2.3 Fok (óveður). Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða af völdum óveðurs. Að öðru leyti vísast til foktryggingarskilmála félagsins nr. E-17.
- 2.4 Skemmdarverk. Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða sem valdið er af ásetningi, þó ekki af váttryggingartaka eða starfsmönnum sem eru í ábyrgðarstöðu hjá honum.
- 2.5 Ógætileg meðferð. Váttryggingin bætir tjón á hinu váttryggða sem verða vegna ógætilegrar meðferðar starfsmanna váttryggðs eða viðskiptavina.
- 2.6 Flutningur. Váttryggingin bætir tjón sem verður á hinu váttryggða í flutningi innanhúss og milli staða innan sama fyrirtækis en þó ekki ef flutningsaðili ber ábyrgð á tjóninu eftir lögum eða samningi.
- 2.7 Leki og raki. Váttryggingin bætir tjón sem orsakast af vatni eða vökva sem hellist niður eða lekur á hið váttryggða.

3. gr. Váttryggingin bætir ekki:

- 3.1 tjón sem ábyrgð seljanda eða framleiðanda nær til;
- 3.2 tjón vegna ónógs viðhalds, rýrnunar, tæringar, slits, ryðs eða annarra umhverfisáhrifa á lengri tíma;
- 3.3 tjón vegna galla eða rangrar samsetningar;
- 3.4 tjón sem verða vegna þess að meira er lagt á tæki en þau þola eða þau eru ekki notuð eins og til er ætlast eða gerð þeirra leyfir;
- 3.5 tjón vegna breytinga sem eru gerðar á tækjum sem eru ekki í samræmi við fyrirmæli seljanda svo og notkun varahluta sem ekki eru viðurkenndir af seljanda;
- 3.6 tjón sem verða vegna innri bilana;
- 3.7 óbein né afleidd tjón.

4. gr. Eigin áhætta

Váttryggður ber í eigin áhættu 10% í hverju tjóni, þó aldrei minna en sú lágmarksfjárhæð sem kemur fram á váttryggingarskírteini. Fjárhæð þessi fylgir þróun verðlags og breytist því í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

5. gr. Váttryggingarfjárhæð

Hámarksbætur vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar nema fjárhæð sem tilgreind er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Við töku váttryggingarinnar er nývirði lagt til grundvallar váttryggingarfjárhæð.

6. gr. Ákvörðun bóta

Bætur vegna viðgerðarkostnaðar geta aldrei orðið hærrí en sem nemur markaðsverði á hverri vél. Verði altjón á hinum váttryggða vélbúnaði er markaðsverð lagt til grundvallar váttryggingarbótum ef tækin eru eldri en tveggja ára þegar tjón ber að höndum.

7. gr. Varúðarreglur

- 7.1 **Váttryggðum er skylt að halda váttryggðum hlutum vel við og fylgja leiðbeiningum og notkunarreglum frá seljanda.**
- 7.2 **Váttryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á váttryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum, allt eftir því sem á við á hverjum stað.**

8. gr. Tilvísun til annarra skilmála félagsins og laga um váttryggingarsamninga

Um váttryggingu þessa gilda jafnframt skilmálar félagsins fyrir brunatryggingu lausafjár nr. E-3 og foktryggingu nr. E-17, að svo miklu leyti sem við á, og lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2006